

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 25.4.2023
Málsnúmer: 202303-0052
IAS/SS

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar byggingar mölunarverksmiðju HeidelbergCement Pozzolaníc Materials ehf í Þorlákshöfn.

Til viðbótar við valkost 1, þar sem verksmiðjan yrði á skilgreindu hafnarsvæði innan þéttbýlismarka Þorlákshafnar, sem kynntur var í matskyldufyrirspurninni er einnig fjallað um valkost 2 þar sem verksmiðjan er staðsett utan þéttbýlismarka í Keflavík vestan Þorlákshafnar.

Valkostur 2 myndi ólíkt valkosti 1 fela í sér töluvert rask á óraskaðri strandlínu og þar með áhrif á t.d. lífríki og jarðminjar líkleg til að vera umtalsvert meiri en af valkosti 1 sem er staðsettur innan þéttbýlis og Náttúrufræðistofnun mat í umsögn sinni um matskyldu framkvæmdarinnar, þann 16. desember 2022, að myndi ekki valda miklum umhverfisáhrifum á þá umhverfisþætti sem tengjast fagsviði stofnunarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að þar sé ágætlega gert grein fyrir helstu umhverfisþáttum sem mikilvægt er að leggja mat á. Jákvætt er að stefnt sé að því að gera úttekt á botndýralífi enda lítið vitað um það á mögulegum framkvæmdasvæðum eins og fram kemur í matsáætluninni. Æskilegt væri að mati Náttúrufræðistofnunar að fjalla um fuglalíf, sérstaklega eftir að valkostur 2 bættist við.

Mikið er um aðrar áætlaðar framkvæmdir á svæðinu vestan við Þorlákshöfn, einkum áform um landeldi. Afar brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að horft sé vandlega til sammögnunaráhrifa frá þessum mismunandi framkvæmdum t.d. þegar kemur að vatnstöku og áhrifum á grunnvatn sem og áhrifum á lífríki í fjöru og grunnsævi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

